

AÐALFUNDUR 2019

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

5.0

AFGREIÐSLA MARKMIÐA OG STARFSÁÆTLUNAR NÆSTA ÁRS

Helstu áherslur í starfi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2019-2020

lagðar fram á aðalfundi Fíh 16. maí 2019

Kjaramál og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga

Kjarasamningar hjúkrunarfræðinga eru lausir í upphafi starfsárs og verður aðaláherslan á að ljúka þeim á þann hátt að hjúkrunarfræðingar vilji og geti starfað áfram innan íslenska heilbrigðiskerfisins. Megináherslur samningsatriða eru laun, vinnutími, starfsumhverfi, sem og öryggi í starfi og gæði hjúkrunar. Í framhaldi af undirritun samninga verður unnið að útfærslu og innleiðingu þeirra. Jafnframt verður haldið áfram að vinna að endurnýjun þeirra stofnanasamninga sem enn eru ófrágengnir. Áhersla verður lögð á áframhaldandi stuðning við breytingar á trúnaðarmannakerfi félagsins og þá sérstaklega nýtt trúnaðarmannaráð.

Átak í fjölgun starfandi hjúkrunarfræðinga

Lögð verður áhersla á aðgerðir sem geta dregið úr brotthvarfi hjúkrunarfræðinga úr starfi. Halda þarf þeim sem fyrir eru í starfi og fá þá til starfa sem þegar eru hættir. Jafnframt verður unnið að fjölgun nemenda í hjúkrunarfræðinámi. Stuðningur við erlenda hjúkrunarfræðinga verður aukinn. Fylgt verður eftir mikilvægum niðurstöðum kannana félagsins á meðal félagsmanna frá síðustu tveim starfsárum, auk þess sem framkvæmd verður könnun meðal hjúkrunarfræðinga um öryggismál í starfsumhverfi þeirra. Unnið verður að bættu vinnufyrirkomulagi og -tíma sem og að draga úr álagi í starfi. Þá verður boðið upp á námskeið á vegum félagsins um betri líðan í starfi til að auka velferð og vellíðan hjúkrunarfræðinga.

Hjúkrunarfræðingar hafi áhrif á þróun og skipulagningu heilbrigðisþjónustu

Unnið verður að því að auka þátttöku hjúkrunarfræðinga í nefndum og ráðum á vegum yfirvalda við stefnumótun og þróun hjúkrunar og heilbrigðisþjónustu. Hjúkrunarfræðingar starfa á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar og hafa því víðtæka þekkingu og reynslu af heilbrigðiskerfinu sem nýtist við innleiðingu nýrrar heilbrigðisstefnu til 2030. Áfram verða veittar umsagnir og ályktanir um málefni sem tengjast skjólstæðingum hjúkrunarfræðinga og þeim sjálfum. Lögð verður sérstök áhersla á að fá aftur inn hlutverk yfirhjúkrunarfræðings (e. Government Chief Nursing Officer; GCNO) innan íslenskrar stjórnsýslu.

Það er sameiginlegt átaksverkefni hjúkrunarfélaganna á Norðurlöndum (SSN) *Nursing Now Nordic* og í tengslum við eindregin tilmæli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem leggur áherslu á mikilvægi stöðunnar við þróun heilbrigðiskerfisins um allan heim.

Starfssvið hjúkrunarfræðinga í framtíðinni

Unnið verður áfram að því að styrkja enn frekar framlag hjúkrunarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins og þjóðfélagsins með betri nýtingu á þekkingu og reynslu þeirra í heilbrigðiskerfinu samkvæmt markmiðum Alþjóðaheilbrigðisstofnunar (WHO) og niðurstöðum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Með því að auka vægi hjúkrunar er hægt að tryggja fjárhagslega hagkvæmari og betri heilbrigðisþjónustu með þarfir skjólstæðinganna að leiðarljósi. Áhersla verður á að efla leiðtoga og stjórnendur í hjúkrun svo þeir geti betur stutt við aukið vægi hjúkrunar og unnið þannig að árangursríkri og öruggri heilbrigðisþjónustu. Fjölga þarf áfram markvisst sérfræðingum í hjúkrun og verður sérstaklega unnið að stefnu félagsins í málefnum þeirra á starfsárinu.

100 ára afmæli Fíh 2019 og alþjóðlegt ár hjúkrunar 2020

Áfram verður fagnað 100 ára afmæli félagsins með ýmsum viðburðum út afmælisárið, eins og sögusýningu, fjölskyldudegi, ráðstefnu á Akureyri og endað á sérstakri hátíðardagskrá í Hörpu. Einnig munu deildir félagsins fagna árinu á ýmsan hátt.

Árið 2020 mun þriggja ára herferð, *Nursing Now*, á vegum Alþjóðaráðs hjúkrunarfræðinga (ICN) ljúka. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin tileinkar árið hjúkrunarfræðingum og mun stjórn félagsins halda áfram að gera hjúkrunarfræðinga og störf þeirra sýnilegri í íslensku samfélagi.